

Sæl Regína,

Við sömdum þetta bréf eftir samtal við þig í janúar 2015 vegna lyktarmengunar frá Laugafisk ehf.

Forsagan er þessi: Við erum 5 manna fjölskylda frá Reykjavík. Við hjónin vildum kanna þann möguleika að flytja í lítinn fjölskylduvænan bæ fyrir utan Reykjavík til að ala börnin okkar upp með þeim möguleika að geta þó leitað til vinnu í Reykjavík. Eftir að hafa skoðað nærliggjandi bæi við Reykjavík, heilluðumst við af Akranesi og var ákveðið að skoða þann möguleika betur. Eftir að hafa skoðað nokkrar eiginir, féllum við fyrir húsinu sem við eigum nú, Vesturgötu 40. Ákvörðun var tekin, á Akranes skyldi flytja.

Við fengum afhent á föstudegi, 14. nóvember 2014. Þessa helgi var lyktin svo kæfandi að við hlupum milli húsa og bíla með því að halda í okkur andanum. Næstu dagar voru ekki mikið skárrí og er ástandið það slæmt að við getum ekki loftað út þá daga sem lyktin liggur yfir. Þar af leiðandi er ekki hægt að setja þurrkararörið út til að þurrka þvott, hvað þá að hengja þvottinn út. Við erum mjög ósátt við þessa „kæfandi“ lykt sem enginn vill anda að sér og engin leið er að venjast.

Miðstöðvarnar í bílunum hjá okkur eru orðnar mjög illa lyktandi. Við finnum því lyktina þó við séum í Reykjavík og þegar farið er í gegnum gögnin og skipt er yfir í loft innan bílsins á miðstöðinni gýs hún sterk upp. Við keyptum glænýjan bíl þegar við fluttum til að vera á sparneytnum bíl, endursala á þeim bíl verður án ef ekki auðveld.

Börnin þrjú kvarta mikið yfir þessu og spyrja mjög oft hvenær við flytjum aftur til Reykjavíkur því það sé svo vond lykt á Akranesi. Við höfum mjög miklar áhyggjur af því að ekki sé hægt að nota fallega garðinn okkar á góðviðrisdögum í sumar eða komandi sumur ef áframhaldandi starfsleyfi verður veitt.

Við erum að finna of oft lykt í mánuði til að geta sætt okkur við að búa í húsinu okkar áfram við óbreytt ástand. Þá höfum við áhyggjur af því að geta ekki selt eignina aftur vegna þessa og þar sem ekki er unnt að leyna hugsanlega kaupendur þessu „ástandi“. Við sjáum heldur ekki fram á að geta selt húsið á sambærilegu verði og við borguðum fyrir það, sem þýðir að eignarhluti okkar verður að engu.

Að okkar mati höfum við nú þegar orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni við flutninga okkar hingað upp á Akranes. Við erum föst í viðjum lyktarinnar og nú þegar stjórnast daglegar

athafnir okkar af henni. Það er ekki mögulegt að þvo og þurrka þvott, börnin neita að fara út sökum lyktar og við fjölskyldan njótum útiveru minna núna en þegar við bjuggum í erli Reykjavíkurborgar eingöngu vegna þess að það er ekki líft úti við.

Eftir að hafa kynnt okkur fyrirbyggjandi gögn sem snúa að málinu, þar með talið blaðagreinar þá getum við ekki sæst á stækkun. Þreföldun framleiðslu hlýtur að hafa í för með sér lyktarmengun þrátt fyrir lof um betri tækni. Laugafiskur virðist ekki hafa staðið við sitt hingað til svo við höfum áhyggjur af því að það breytist ekki og höfum ekki enn heyrt um svona framleiðslu án lyktarmengunar.

Við erum alfarið á móti stækkun verksmiðjunnar og áframhaldandi starfsemi á núverandi stað. Við munum ekki samþykkja slíkt heldur berjast gegn því og skrifa undir undirskriftarlista þess efnis ef til okkar verður leitað.

Kær kveðja,

Ellen og Pétur

Vesturgötu 40, Akranesi